

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2016

Verkefni 2	Þróun og ráðgjöf í menningarmálum
Markmið	Að starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Til að vinna að þeirri stefnu og þeim markmiðum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra á sviði menningarmála er talið mikilvægt að hafa sérstakan starfsmann, menningarfulltrúa, sem starfar undir hatti Eypings líkt og var þegar sérstakir menningarsamningar voru í gildi.</p> <p>Meðal áhersluatriða er:</p> <ul style="list-style-type: none"> Að vinna að eflingu samstarfs um menningarmál. Að starfa með og veita upplýsingar til menningarfulltrúa sveitarfélaga. Að stuðla að nýsköpum og fjölbreytni í listum og menningu. Að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra á sviði lista og menningar. Að vinna að framþróun hönnunar til atvinnusköpunar og taka þátt í því að koma á fót hönnunarklasa. Að stuðla að jákvæðri þróun menningarstarfs á svæðinu m.a. með vinnu við þróunarverkefni og þátttöku í erlendu samstarfi. <p>Mikilvægt er að áfram verði starfandi menningarfulltrúi í landshlutanum til að fylgja eftir því öflugra starfi sem unnið hefur verið á undanförunum árum. Starf menningarfulltrúa hefur orðið til að efla mjög menningarstarf í landshlutanum.</p> <p>Menningarfulltrúi veitir einnig ráðgjöf og upplýsingar varðandi menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og umsýslar umsóknir í þann hluta sjóðsins og leggur fyrir fagráð og er starfsmaður þess auk þess að vera verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs hjá Eypingi.</p>
Framkvæmdaaðili	Eyping
Samstarfsaðilar	Menningarfulltrúar sveitarfélaga, menningarfulltrúar landshluta, menningarstofnanir, aðrar stoðstofnanir sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og aðliar sem starfa á landsvísu að menningarmálum. Einnig listafólk, stofnanir og aðrir sem vinna að framgangi menningar og lista á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Menningarfulltrúa er ætlað að vinna að þeim markmiðum í menningarmálum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra (bls. 3 og 12 – 13) auk þróunarverkefna sem Menningarráð Eypings hefur staðið að og gert skuldbindandi samninga um.

Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	<ul style="list-style-type: none"> • Að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í menningarstarfi samkv. árangursmati Capacent á framkvæmd menningarsamninga. • Stofnaður hafi verið vettvangur skapandi greina – hönnunarklasi. • Fjöldi innlendra og erlendra samstarfsverkefna • Samstarf komið á við ríkið um eflingu barnamenningar. • Fjöldi stærri svæðisbundinna menningarverkefna. • Landshlutinn þekktur fyrir gróskumikið menningarlíf.
Lokaafurð	Starf menningarfulltrúa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar.
Tímarammi	Fyrsta hluta lauk 31.12.2015 en tímarammi verkefnisins er áætlaður til ársins 2019.
Áætlaður kostnaður	12.725.000
Framlag úr sóknaráætlun 2016	10.600.000
	Að auki kemur 2.125.000 kr. framlag vegna umsýslu Uppbyggingarsjóðs.